

KROSSAPRÓF

Fyrir formann upplýsinga- og fræðslunefndar SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS.

Hver af sendiherrahjónum Íslands, sem þjónað hafa í Washington D.C., á s.l. áratugum, koma við sögu við eftirfarandi gerninga?

- (1) Hann var einn af fjórum sendiherrum erlendra ríkja sem lét að sér kveða á Millennium-árinu 2000, svo að eftir var tekið. Á sögusýningu um Washington á því ári (Washington D.C. during the Millennium year 2000) var hann sagður vera einn þeirra sem “settu svip á borgina” á því viðburðaríka ári.
- (2) Sendiherrahjónin voru fjögur ár í röð talin vera í hópi þeirra gestgjafa við erlend sendiráð í borginni sem „eftirsóknarverðast þótti að þiggja boð hjá, vegna menningarlegrar dagskrár, upplýsandi samræðna og þjóðlegs eldhúss í háum gæðaflokki“. Þetta var skv. árlegri könnun glanstímarits, sem helgaði sig eingöngu starfsemi erlendra sendiráða (190+) í D.C..
- (3) Sendiherra Íslands var valinn til að vera fulltrúi Norðurlandanna fimm, þegar sýning Smithsonian safnsins: „*West Viking: The North Atlantic Saga*“ var kynnt í „Cosmos Club“ – félagsskap vísinda- og fræðimanna, sem taldi þá innan sinna vébanda 88 Nobels-verðlaunahafa.
- (4) Í tilefni af samstarfsverkefni Norðurlanda og Smithsonian safnsins: „*West Viking: The North-Atlantic Saga*“, fór sendiherrann til fyrirlestrahalds við háskóla, rannsóknarstofnanir og samkomur félaga afkomenda norrænna landnema (t.d. Gustav-Vasa og Sons of Norway) í 35 fylkjum Bandaríkjanna á afmælisárinu 2000.
- (5) Þegar George Town University efndi til fyrirlestraraðar um „The Trans-Atlantic Relationship: Success, Strain, Prospects“, var íslenski sendiherrann valinn til að flytja inngangserindið: „*The European Social model vs. The American way: Are the Allies drifting apart?*“
- (6) Þegar forsetafrú Bandaríkjanna, Hillary Rodham Clinton, sem var í forsæti fyrir „*the White House Millenium Council*“ var beðin um að skrifa formála fyrir fræðiriti á vegum The Smithsonian Institute um „*West Vikings: The North Atlantic Saga*“, leitaði hún til íslenska sendiherrans um að skrifa frumdrög formálans.
- (7) Sendiherrafrú Íslands var valin í stjórn *Corcoran listafnsins*, annars helsta listasafns Washington borgar. Hún fékk því áorkað að safnið efndi til yfirlitssýningar um íslenska myndlist á 20stu öld undir heitinu: „*Icelandic Visual Art of the 20th Century*“ Þetta er sennilega víðamesta kynning sem gerð hefur verið á íslenskri myndlist á erlendum vettvangi hingað til.
- (8) Íslenski sendiherrann (og viðskiptafulltrúinn í New York, Magnús Bjarnason) unnu umfangsmikið undirbúnings- og kynningarstarf vegna lagasetningar um sérstök vildarkjör (með skattaávilnunum og annarri fyrirgreiðslu) til að greiða götu kvikmyndaframleiðenda sem vildu nýta sér stórbrotna náttúru Íslands sem baksvið kvikmyndagerðar, bæði leikinna kvikmynda og heimildamynda. Lögin hafa átt drjúgan þátt í að skila miklum gjaldeyristekjum í þjóðarbúið og að kynna Ísland vítt og breitt um heiminn.
- (9) Hvaða sendiherrafrú skóp þá hefð að sendiráð Íslands í Washington D.C. beitti sér fyrir reglulegum og vel sóttum listviðburðum (tónleikum, myndlistarsýningum og bókmenntakynningum), í samstarfi við Icelandair, þrátt fyrir að hafa engar fjárveitingar til verksins?